

Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum

Geðheilsa og vellíðan á fyrstu æviárunum: Framtíðarsýn og tillögur að aðgerðum

Júní 2021



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum

*Geðheilsa og velliðan á fyrstu æviárunum:
Framtíðarsýn og tillögur að aðgerðum*

Niðurstöður vinnustofu og samráðsfundar 2021.

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2021

© 2021 Embætti landlæknis
Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án þess að geta heimildar.

Inngangur

Árið 2019 var samnorrænt verkefni til þriggja ára um velferð og vellíðan á fyrstu æviárunum sett á fót undir heitinu *Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum*. Íslenskir ráðherrar heilbrigðis- og félags- og barnamála áttu frumkvæði að verkefninu og ýttu því úr vör sem einu af formennskuverkefnum Íslands í norrænu ráðherranefndinni. Embætti landlæknis var falið að leiða verkefnið fyrir hönd Íslands en samstarfsaðilar á Norðurlöndunum eru Sundhedsstyrelsen í Danmörku, Helsedirektoratet og R-BUP Øst og Sør í Noregi, Folkhälsomyndigheten í Svíþjóð og Itla Children's Foundation og THL í Finnlandi. Viðfangsefni verkefnisins er að skoða hvernig Norðurlöndin eru í stakk búin til að veita börnum heilbriggt upphaf í lífinu. Það beinist að tímabilinu frá meðgöngu til fyrstu tveggja æviáranna og er einkum horft til þess hvernig staðið er að því innan Norðurlandanna að:

- Efla geðheilsu og vellíðan verðandi foreldra á meðgöngu
- Efla foreldrafærni og heilbriggt samband foreldra og barna
- Finna og bregðast snemma við áhættuþáttum við upphaf ævinnar
- Hlúa að velferð og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun

Fyrsti hluti verkefnisins fólst í umfangsmikilli stöðugreiningu innan Norðurlandanna og samanburði milli landa varðandi hvernig er búið að börnum og fjölskyldum á fyrstu árum ævinnar. Lesa má um niðurstöður þeirrar greiningar í skýrslunni *The First 1000 Days in the Nordic Countries: A Situation Analysis* sem birt er á vef Norrænu ráðherranefndarinnar: <https://pub.norden.org/nord2020-051/nord2020-051.pdf>. Annar hluti verkefnisins snýr að því að fara yfir rannsóknir á mælitækjum og úrræðum, sem notuð eru til að meta og efla velferð og vellíðan barna og foreldra á Norðurlöndunum og kanna hversu vel þau eru gagnreynd. Eru þær niðurstöður væntanlegar í skýrslu um mitt ár 2021. Þriðji og síðasti hluti verkefnisins snýr að þróun stefnumótunartillagna til stjórnvalda um hvernig styðja má betur við börn og fjölskyldur á þessu mikilvæga æviskeiði. Í tengslum við þann hluta voru haldnar vinnustofur með innlendum sérfræðingum innan allra þátttökulandanna þar sem rýnt var í niðurstöður stöðugreiningarinnar og aðgerðir til umbóta settar fram sem innlegg í áframhaldandi vinnu við stefnumótunartillögur til stjórnvalda. Ráðgert er að stefnumótunartillögur verði hluti af lokaskýrslu verkefnisins, sem gefin verður út síðla árs 2022.

Vinnustofan á Íslandi var haldin í lok febrúar 2021. Fagfólki frá meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, geðheilbrigðisþjónustu, barnavernd, háskólasamfélaginu, leikskólum og dagvistun var boðin þátttaka á rafrænni vinnustofu sem beindist að því að vinna nánar úr niðurstöðum stöðugreiningarskýrslunnar *The First 1000 Days in the Nordic Countries: A Situation Analysis* og leggja til aðgerðir til umbóta. Vinnustofan stóð yfir heilan dag og fór fram í tveimur liðum. Fyrri hluti fólst í kynningu á verkefninu, markmiðum þess og niðurstöðum en seinni hlutinn fólst í hópavinnu þar sem mótaðar voru aðgerðir til umbóta. Þátttakendum var skipt í fjóra hópa eftir þekkingu og reynslu sem hver fjallaði um eitt af ofangreindum áherslusviðum verkefnisins: 1) vellíðan á meðgöngu og undirbúning fyrir foreldrahlutverkið, 2) foreldrafærni og samband foreldra og barna, 3) áhættuþætti við upphaf ævinnar og 4) velferð yngstu barnanna í dagvistun og leikskólum. Hver hópur samanstóð af 6–8 manns sem rýndu í niðurstöður stöðugreiningarskýrslunnar. Nýttu þekkingu sína og reynslu til að kortleggja helstu styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri hér á landi (SVÓT greining) á því sviði sem hópurinn fjallaði um. Í framhaldi var mótuð framtíðarsýn um hvernig málum væri best háttað og settar fram tillögur að aðgerðum til að styðja betur við velferð og vellíðan barna og fjölskyldna á fyrstu æviárunum. Í maí var síðan haldinn opinn kynningar- og samráðsfundur fyrir alla áhugasama í samfélaginu en sérstök boð send á helstu fagfélög og stofnanir sem koma að velferð og vellíðan barna og foreldra á meðgöngu og fyrstu æviárunum. Þar var verkefnið og niðurstöður vinnustofunnar kynntar og umræður fengnar meðal þátttakenda um þær tillögur sem settar höfðu verið fram í vinnuhópunum.

Niðurstöður vinnuhópa

1. Að efla vellíðan á meðgöngu og undirbúa fyrir foreldrahlutverkið

Hópur 1 fjallaði um eflingu vellíðanar á meðgöngu og undirbúning fyrir foreldrahlutverkið. Greindir voru styrkleikar og veikleikar á þessu sviði í meðgönguvernd, hvaða tækifæri eru til úrbóta og hvað ógnar því að þau séu nýtt. Í kjölfarið voru settar fram tillögur um hvað þurfi að gera til að styðja betur við vellíðan verðandi foreldra og veita betri undirbúning fyrir foreldrahlutverkið. Ef fram komu atriði í vinnu annarra hópa, sem áttu erindi í samantektina hér fyrir neðan, var þeim bætt við enda nokkur skörun á milli hópa.

Styrkleikar

Meðal helstu styrkleika hér á landi þegar kemur að því að styðja við vellíðan á meðgöngu og undirbúa fyrir foreldrahlutverkið er öflug meðgönguvernd þar sem allar barnshafandi konur hitta ljósmóður og yfirleitt sömu ljósmóður alla meðgönguna. Þær mæta alltaf á sama stað í meðgönguvernd, lögð er áhersla á að mynda persónulegt samband við hverja konu og að þjónustan miðist að þeirra þörfum. Ljósmæður eru lykilstétt í meðgönguvernd hér á landi, þær eru vel menntaðar og menntun þeirra er á einni hendi. Meðgönguvernd er ókeypis og stendur öllum til boða, unnið er eftir samræmdum leiðbeiningum og samræmdu skráningarkerfi um allt land. Það er jafnframt kostur að heilbrigðisþjónusta í landinu sé á hendi eins aðila sem auðveldar alla innleiðingu nýjunga og umbóta. Landið er fámennt og því algengt að ljósmæður og annað fagfólk meðgönguverndar þekkist, auk þess sem góð tengsl eru milli ljósmæðra á vettvangi og þeirra sem sinna þróun verklags og leiðbeininga. Sálfræðingar eru á flestum heilsugæslustöðvum og veita ljósmæðrum handleiðslu verðandi sálfélagsleg atriði ásamt því að bjóða barnshafandi konum einstaklingsviðtöl og hópnámskeið. Barnshafandi konur eru í forgangi fyrir flesta þjónustu innan og utan heilbrigðiskerfisins og námskeið eru haldin í meðgönguvernd fyrir verðandi foreldra til undirbúnings fyrir fæðingu á íslensku og ensku.

Veikleikar

Að mati hópsins er tímaskortur meðal helstu veikleika hér á landi þegar kemur að því að styðja við vellíðan verðandi foreldra og undirbúa fyrir foreldrahlutverkið. Ljósmæður fá of stuttan tíma með hverri konu og misjafnt er eftir búsetu hvort konur fái alltaf að hitta sömu ljósmóður á meðgöngu. Mikilvægur annmarki felst einnig í skorti á upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku á vef heilsugæslunnar og rík þörf er á því að auka menningarhæfni starfsfólks svo sinna megi innflytjendum og flóttafólki betur. Meðgönguverndin hér á landi teygir sig ekki nægilega vel til hins foreldrisins og ekki er næg áhersla lögð á undirbúning fyrir foreldrahlutverkið. Engin námskeið eru boðin í meðgönguvernd sem snúa sérstaklega að þessum þætti þrátt fyrir að kveðið sé á um slíkt í klínískum leiðbeiningum. Einnig er skortur á sálfræðiþjónustu sumstaðar á landinu þrátt fyrir miklar umbætur á undanförunum árum og aðgengi að námskeiðum fyrir verðandi foreldra er sumstaðar skert. Áhersla á geðheilsu á meðgöngu getur takmarkast um of við að finna vandamál og erfiðleika fremur en að efla jákvæða geðheilsu og vellíðan. Þá getur skort á að sálfræðingar, sem sinna konum og fjölskyldum á meðgöngu, hafi sértæka þekkingu á því sviði. Skortur er einnig á samfellu milli meðgöngu- og ung- og smábarnaverndar, sem og skortur á þverfaglegri samvinnu og sameiginlegum skilningi fagfólksins. Ekki er gerð krafa um símenntun fagfólks sem sinnir verðandi foreldrum og fleiri og betri rannsókna er þörf á þekkingu fagfólks og þörfum foreldra til að styðja við gæðapróun þjónustunnar.

Ógnanir

Ýmislegt getur staðið í vegi fyrir því að hægt sé að gera betur þegar kemur að eflingu vellíðanar á meðgöngu og undirbúningi fyrir foreldrahlutverkið. Meðal þess má nefna tímaskort, mikið álag á ljósmæður, mannekle og skort á sérþekkingu. Þessi atriði eru bæði núverandi veikleikar og ógnanir við framtíðarárangur þar sem þau snúa að grunnstoðum þjónustunnar. Þátttakendur voru sammála um mikilvægi þess að sálfélagslegir

Þættir fengju aukið vægi í meðgönguvernd en til þess þarf svigrúm og tíma. Ljósmaður fást við mun flóknari verkefni í dag en áður án þess að fá aukinn tíma til þess og geta því illa bætt við sig fleiri verkefnum, t.d. ef leggja ætti aukna áherslu á hitt foreldrið í meðgönguvernd. Það er aðkallandi áhyggjuefni hvort það verði raunverulega nægt framboð af ljósmaðrum í framtíðinni og því ógn við áframhaldandi gæðapróun að starfsaðstæður og kjör séu ekki nógu aðlaðandi. Starfsmannavelta er sömuleiðis hamlandi þáttur því ef framfarir og breytingar eru háðar einstaklingum þá hverfa þær þegar viðkomandi færir sig um set. Síló milli fagstétta, sem og milli ríkis og sveitarfélaga, geta einnig hamlað umbótum og gæðaeftirlit þyrfti að verða betra til að styðja við þjónustuna. Þá getur skortur á húsnæði hindrað ýmsar framfarir, t.d. þegar vantar vettvang til að koma á námskeiði eða hópastarfi. Margt af því sem ógnar framförum og umbótum má því rekja með einum eða öðrum hætti til skorts á fjármagni sem þyrfti til að bæta við verkefnum, efla þjónustu og auka eftirlit og gæði. Þetta grundvallast á pólitískum vilja og getur því skortur á skilningi ráðamanna á mikilvægi fyrstu árána verið ein mikilvægasta hindrunin á þessu sviði. Að sama skapi getur hugarfar þeirra sem veita þjónustuna ógnað árangri því framfarir eru ekki alltaf háðar fjármagni heldur geta einnig snúið að stjórnun og skipulagi. Önnur viðhorf sem geta staðið í vegi fyrir framförum eru t.d. að meðgönguvernd skuli miðast fyrst og fremst að velferð móður fremur en heildarsýn á barnið og fjölskylduna, þ.m.t. hitt foreldrið.

Tækifæri

Meðal tækifæra sem fram komu í greiningu hópsins eru að foreldrar eru mjög tilbúnir til breytinga á meðgöngu og taka vel við leiðbeiningum og ráðleggingum. Þetta er því góður tími til að koma inn nauðsynlegri fræðslu og undirbúningi fyrir foreldrahlutverkið, þ.m.t. hvernig foreldrar geta hlúð að eigin geðheilsu og sambandinu sín á milli. Mörg tækifæri geta falist í bættu skipulagi og þverfaglegu samstarfi þar sem fjölbreytt fagþekking nýtist betur en í dag. Þetta á einnig við um samstarf milli 1., 2. og 3. þjónustustigs og samræmingu milli meðgönguverndar og ung- og smábarnaverndar. Að mati hópsins ætti að vera tiltölulega auðvelt að bæta samfelli milli meðgöngu- og ung- og smábarnaverndar þar sem það er ekki háð fjármagni heldur fyrst og fremst spurning skipulag og utanumhald á hverri heilsugæslustöð. Þetta myndi því stórbæta þjónustuna beggja vegna án mikils kostnaðar. Mikilvæg tækifæri felast jafnframt í því að auka menningarhæfni fagfólks og efla þannig þjónustu við vaxandi hóp foreldra af erlendum uppruna. Þá felast rík tækifæri í því að efla upplýsingaflæði og fræðslu til foreldra, bæta við efni á vef heilsugæslunnar, Heilsuveru og einstakra heilsugæslustöðva, og tryggja aðgengi á ólíkum tungumálum. Foreldrahópar og foreldranámskeið í meðgönguvernd gætu einnig veitt betri tækifæri til að ná til foreldra, efla félagstengsl og skapa vettvang fyrir faglegan stuðning og jafningjastuðning. Mikilvægt er þó að tryggja að hópastarfi í meðgönguvernd verði aldrei á kostnað persónulegs sambands við ljósmóður.

Dýrmæt tækifæri felast í þeirri auknu þekkingu sem komið hefur inn í þjónustu heilsugæslunnar með tilkomu sálfræðiþjónustu og geðheilsuteymis fjölskylduverndar, sem mætti efla enn frekar með markvissara samstarfi við meðgönguvernd. Til dæmis mætti leggja meiri áherslu á námskeið og faglega starfsþróun fyrir ljósmæður til að sinna því sem hægt er í grunnþjónustunni frekar en að vísa í aðra þjónustu. Einnig væri gagnlegt að bjóða öllu starfsfólki heilsugæslunnar námskeið um þverfaglegt samstarf í ljósi mikilvægi þess fyrir bættu þjónustu. Hópurinn var sammála um að núverandi kerfi bjóði upp á meiri möguleika fyrir fjölbreyttari þjónustu en nú er veitt og gætu mikilvæg tækifæri falist í aukinni áherslu á hvernig verðandi foreldrar geta sinnt eigin geðheilsu í meðgönguvernd. Að lokum felast rík tækifæri í þeirri reynslu sem fengist hefur vegna COVID-19 á sviði fjarþjónustu og rafrænna samskipta. Nú þegar er farið að auka við námskeið og þjónustu við verðandi foreldra á landsbyggðinni í gegnum netið. Að lokum voru þátttakendur sammála um að um vilji núverandi ríkisstjórnar til að styðja við málefni barna og frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna („farsældarfrumvarpið“) gefi einstök tækifæri til áframhaldandi þróunar og samstarfsverkefni á borð við *Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum* geti skilað auknum áhuga og skuldbindingu stjórnvalda gagnvart farsæld yngstu barnanna.

Sýn til framtíðar og verkaskipting

Í framtíðarsýn hópsins fær meðferðarsambandið í meðgönguvernd það vægi sem það þarfnast. Að lágmarki er gert ráð fyrir klukkustund í fyrstu skoðun og 30 mínútum fyrir hverja skoðun eftir það. Gert er ráð fyrir samtali við ljósmóður fyrir þungun í þeim tilvikum sem barnseignir eru fyrirfram áætlaðar og fyrirbyggjandi samtöl eða símtöl eiga sér stað um leið og þungun er staðfest. Meðgönguverndin er vel mönnuð og nægt aðgengi er að símenntun og handleiðslu. Vikulegir fundir eru haldnir á öllum heilsugæslustöðvum þar sem ljósmæður og sálfræðingar fara yfir málin og veitt er handleiðsla og stuðningur. Námskeið um foreldrahlutverkið og foreldrahópar eru í boði fyrir alla sem vilja og meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd eru sameinaðar í eitt öflugt kerfi. Þjónusta heilsugæslunnar einkennist af þverfaglegu samstarfi þar sem starfsfólk talar sama tungumál og hefur sameiginlegan skilning. Búið er að innleiða þekkingu á geðheilsu ungbarna (e. *infant mental health*) á öllum sviðum, s.s. í gegnum menntun fagstétta, verklag starfandi fagfólks o.fl. Samstarf og samfella milli kerfa virkar vel og ekkert gerist sem varðar verðandi foreldra, hvort sem það snertir veitta þjónustu, stefnumótun eða skipulag, nema að fagfólk meðgönguverndar og ung- og smábarnavernd sé við borðið. Hitt foreldrið fær sinn sess í meðgönguvernd, þeim er boðið inn á eigin forsendum og góðum tíma er varið í samtal við báða foreldra um breytinguna sem er framundan, parasambandið o.fl. Stuðningur fyrir báða foreldra er til staðar, t.d. í gegnum hópmeðgönguvernd, og fræðsla og upplýsingar eru aðgengilegar á öllum helstu tungumálum sem töluð eru í landinu. Öllum er tryggð viðeigandi þjónusta miðað við þarfir hverrar fjölskyldu og MFS kerfið („Meðganga, fæðing, sængurlega“) hefur verið endurvakið og útvíkkað svo það nái einnig til þeirra fjölskyldna þar sem eitthvað bjátar á.

Til þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga þurfa stjórnvöld að auka fjárveitingu til þessara kerfa. Leggja þarf mat á hversu mörgum fjölskyldum raunhæft og æskilegt er að hver ljósmóðir sinni í meðgönguvernd og koma á fót héraðsljósmæðrum til að tryggja aðgengi að ljósmæðraþjónustu óháð búsetu. Skilningur þarf að ríkja meðal ráðamanna á mikilvægi fyrstu árána og skýr stefnumótun að vera til staðar í málefnum ungra barna. Fagfólk á þessu sviði þarf því að halda áfram að upplýsa stjórnvöld og kalla eftir aðgerðum. Stjórnendur heilbrigðisstofnana þurfa að leita til og treysta sínu fagfólki til að skipuleggja þjónustuna og fagstéttir ættu í sameiningu að leggja línurnar um hvernig samstarfi innan heilsugæslustöðva skuli vera háttáð. Nýr framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu og fagstjórar meðgönguverndar, ung- og smábarnaverndar, sálfræðiþjónustu og geðheilsuteymis fjölskylduverndar þurfa að stilla saman strengi og sameinast um áherslur sem innleiddar eru þvert á þjónustueiningar.

Byrja þarf strax á því að finna einfaldar leiðir til að auka samvinnu milli meðgöngu- og ung- og smábarnaverndar en einnig þarf Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) að hefja vinnu við að greina hvort og þá hvernig skuli sameina þessa þjónustu í eitt kerfi. Sömuleiðis er brýnt að ráðist verði í að þýða upplýsingar og fræðsluefni til verðandi foreldra á heimasíðu heilsugæslunnar og Heilsuveru á önnur tungumál. Stofna þarf vinnuhóp innan ÞÍH sem setur saman námskeið fyrir verðandi foreldra, sem getur ýmist verið staðbundið eða á netinu, og tekur m.a. til breytinga á líðan og högum verðandi foreldra, þ.m.t. breytinga á parasambandinu, og undirbúnings fyrir foreldrahlutverkið. Einnig þarf að setja á fót tilraunaverkefni um foreldrahópa í meðgönguvernd en mikilvægt er að sú viðbót verði aðeins hugsuð til að auka og víkka út þjónustuna en ekki sem sparnaðaraðgerð. Efla þarf fagþekkingu og rannsóknarreynslu á sviði meðgönguverndar innan ÞÍH og framkvæma greiningu á því hvað ljósmæður þurfa (s.s. tíma, þekkingu, handleiðslu og aðföng) til að geta tekist á við líðan verðandi foreldra, parasambandið og þá breytingu sem framundan er. Að slíkri greiningu þurfa að koma aðilar úr háskólasamfélaginu og úr röðum starfsfólks, ss. ljósmæðra, geðheilsuteymis fjölskylduverndar, sálfræðiþjónustu o.fl. Mikilvægt er að skoða hvernig þetta hefur verið greint erlendis, t.d. hefur norska heilbrigðisráðuneytið verið að þróa viðmið um fjölda stöðugilda ljósmæðra sem þarf til þess að hægt sé að uppfylla kröfur klínískra leiðbeininga. Til þess þarf einnig að ljúka við uppfærslu klínískra leiðbeininga fyrir meðgönguvernd hér á landi.

Aðgerðir sem brýnt er að ráðast í á næstu árum

- Koma á fót undirbúningsnámskeiði fyrir alla verðandi foreldra í meðgönguvernd.
- Stefnumótun innan ÞÍH um hvernig skuli vinna með geðheilsu á meðgöngu og á fyrstu árum og hvaða aðferðir skuli nota.
- Fjölga ljósmæðrum þannig að hver ljósmóðir sinni færri fjölskyldum, hver fjölskylda fái meiri tíma með sinni ljósmóður og meðgönguverndin geti tekist á við fleiri verkefni.
- Efla samtal og upplýsingagjöf til verðandi foreldra um geðheilsu og vellíðan á meðgöngu og setja það í formlegri farveg til að tryggja að allir verðandi foreldrar fái slíka leiðsögn og fræðslu á meðgöngu.
- Efla menningarmiðlun og menningarhæfni í meðgönguvernd. Tryggja að upplýsingar, námskeið og fræðsla sé til staðar á öllum helstu tungumálum sem eru töluð í landinu.
- Fjölga sérhæfðu fagfólki innan ÞÍH sem hefur þekkingu á geðheilsu verðandi foreldra, nýbakaðra foreldra, geðheilsu ungra barna og sérþekkingu á málefnum erlendra foreldra.
- Efla faglega þekkingu og færni ljósmæðra, s.s. með skyldunámskeiði fyrir starfandi ljósmæður í því að sinna verðandi foreldrum með sálræna vanlíðan og greina þarfir fyrir stuðning og þjónustu, markvissri handleiðslu frá sérfræðingum á geðheilbrigðissviði og tryggja að stuðningur varðandi foreldrahlutverkið sé fastur liður bæði í námi og símenntun ljósmæðra.
- Efla samfellu og samstarf milli meðgöngu- og ung- og smábarnaverndar og skoða möguleika á því að gera þetta að einu kerfi.
- Efla þverfaglega samvinnu og traust milli fagstétta, t.d. með starfsdögum, samstarfsverkefnum og námskeiði fyrir starfsfólk í þverfaglegri samvinnu.
- Efla rannsóknir á fyrstu 1000 dögnum, þjónustu meðgönguverndar og gagnsemi úrræða.

2. Að efla foreldrafærni og jákvætt samband foreldra og barna

Hópur 2 fjallaði um eflingu foreldrafærni og stuðning við heilbriggt samband foreldra og barna á fyrstu æviárunum. Farið var yfir helstu styrk- og veikleika á þessu sviði hér á landi ásamt þeim ógnunum og tækifærum sem eru til staðar. Í framhaldi var sett fram framtíðarsýn og tillögur að aðgerðum til úrbóta. Ef fram komu atriði í vinnu annarra hópa, sem áttu erindi í þessa samantekt, var þeim bætt við enda nokkur skörun á milli vinnuhópa.

Styrkleikar

Meðal styrkleika hér á landi þegar kemur að því að styðja við farsælt samband foreldra og barna eru öflug ung- og smábarnavernd sem nýtur almenns trausts og veitir ókeyppis þjónustu. Mikill fjöldi heimavitjana og skoðana eru í ung- og smábarnavernd og samfella er frá meðgöngu fram yfir barnsburð í gegnum heimavitjanir ljósmæðra. Einnig er það styrkleiki hér á landi að reglubundin skimun við kvíða og þunglyndi hafi verið innleidd á landsvísu, aðgengi er að sálfræðingum á flestum heilsugæslustöðvum og skilgreindar leiðir eru til staðar til að bregðast við vanlíðan hjá móður. Allt þetta er mikilvægt til að stuðla að góðum tengslum foreldra og barna. Samræmdar leiðbeiningar og skráning er til staðar í ung- og smábarnavernd á landsvísu og verið er að laga skráningu á milli heilsugæslu og Landspítala. Reglubundin námskeið eru haldin fyrir hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd um innleiðingu klínískra leiðbeininga og aðferðir við skimun fyrir áhættuþáttum. Mikilvægur nýfenginn styrkleiki felst einnig í því að ein gæðaþróunar- og samhæfingarmiðstöð sinnir nú öllu landinu með tilkomu Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). Margir hjúkrunarfræðingar hafa lært áhugahvetjandi samtal og mikilvæg þekking hefur bæst við þjónustu heilsugæslunnar með tilkomu geðheilsuteymis fjölskylduverndar. Verið er að auka við fræðslufni um foreldrafærni og jákvætt samband foreldra og barna á Heilsuveru og hjúkrunarfræðingar munu geta sent hlekki á fræðslufni til foreldra í gegnum sögukerfið. Þá er mikilvægur styrkleiki þegar kemur að því að efla tengsl foreldra og barna að búið sé að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði hér á landi.

Veikleikar

Meðal veikleika sem fram komu í greiningu hópsins er að ung- og smábarnavernd nær ekki nægilega vel til beggja foreldra og tímaskortur ríkir hjá þeim sem veita þjónustuna. Hjúkrunarfræðingar gætu veitt meiri þjónustu en þeir gera í dag ef það væri meira rými til að mæta þörfum hverrar fjölskyldu og grípa tækifærin til umræðu þegar þau gefast. Skortur er á uppeldisráðgjöf í ung- og smábarnavernd og engin foreldranámskeið eru haldin til að fræða um foreldrahlutverkið, geðheilsu ungbarna, farsæl tengsl foreldra og barna o.s.frv. Þá er það veikleiki hér á landi að sumstaðar sé ekki heimaþjónusta ljósmæðra eftir fæðingu og skráning úr heimaþjónustu skilar sér ekki alltaf með áreiðanlegum hætti til ung- og smábarnaverndar. Upplýsingaflæði milli kerfa og innan kerfa er ábótavant og skortur á samvinnu bæði milli fagstétta og kerfa. Samstarf kerfa er afar mismunandi á milli sveitarfélaga og jafnvel á milli heilsugæslustöðva. Skortur er á þverfaglegri sýn og samræmdum vinnubrögðum innan heilsugæslunnar og því nýtist ólík menntun og reynsla ekki sem skyldi. Samfella milli meðgönguverndar og ung- og smábarnaverndar er sömuleiðis ófullnægjandi og samræma þyrfti fræðslu til foreldra fyrir og eftir fæðingu varðandi hvernig hlúa má að eigin vellíðan, sambandinu sín á milli og sambandinu við barnið. Ýmsa veikleika er að finna varðandi þjónustu og fræðslu fyrir innflytjendur og aðra jaðarsetta hópa sem brýnt er að bæta úr. Þá felst veikleiki í því að almennt er ekki fylgst nægilega vel með því að farið sé eftir klínískum leiðbeiningum og bestu aðferðum.

Ógnanir

Helstu ógnanir gagnvart því að hægt sé að hlúa betur að foreldrafærni og sambandi foreldra og barna er skortur á fjármunum, þekkingu og mannauði í ung- og smábarnavernd. Heilbrigð tilfinningatengsl og geðheilsa ungbarna er ungt fræða- og áherslusvið í heilbrigðisþjónustu og þekking fagfólks misjafnlega á veg komin auk þess sem nýjar áherslur geta skapað togstreitu milli fagfólks. Þekkingar- og skilningsleysi ráðamanna getur einnig hamlað framþróun og árangri. Mikilvægur áfangi náðist hvað varðar eflingu

sambands foreldra og barna með lengingu fæðingarorlofs en ef ekki tekst að tryggja að öll börn fái sama tíma með foreldrum óháð hjúskaparstöðu, búsetu eða öðrum félagslegum aðstæðum mun ávinningur ekki ná til allra, sérstaklega viðkvæmra hópa. Langur dvalartími ungra barna í dagvistun og leikskólum er sömuleiðis hamlandi þáttur og almennt steðja ýmsar ógnir að fjölskyldulífi á tækniöld. Hraði og atvinnukröfur ganga oft nærri velferð fjölskyldunnar og mynstur tengsla- og samskiptaleysis getur skapast. Þá hafa ákveðnar ógnir bæst við í COVID-19 faraldrinum, t.d. takmörkun á þjónustu við foreldra, aukin fjarþjónusta og félags- og efnahagslegar afleiðingar á borð við atvinnuleysi og streitu, sem geta komið niður á umönnun ungra barna og aukið líkur á skaðlegum samskiptum innan fjölskyldunnar.

Tækifæri

Hópurinn taldi rík tækifæri felast í þeirri vitundarvakningu sem orðið hefur undanförunum árum varðandi málefni barna og mikilvægi fyrstu árána meðal almennings, fagfólks og ráðamanna sem mikilvægt er að nýta. Margvísleg tækifæri til framþróunar hafa einnig fengist með stofnun Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH), geðheilsuteymis fjölskylduverndar og heilsuveru.is, þar sem sífellt er verið að bæta við fræðsluefni. Nýta má tæknina enn betur til að ná til foreldra, t.d. í gegnum netnámskeið, rafrænt efni, myndbönd og hlaðvörp. Þá felast mikilvæg tækifæri til að efla tengsl foreldra og barna og auka foreldrafærni í því að leggja meiri áherslu á báða foreldra í ung- og smábarnavernd, auka tíma fagfólks til að sinna nýbókuðum foreldrum og bjóða foreldrahópa, sérstaklega fyrir þau sem eru að eignast sitt fyrsta barn. Mikill áhugi er á því innan allra kerfa að auka samstarf, samræma þjónustu og gera breytingar. Með aukinni þverfaglegri og þverstofnanalegri samvinnu, sem vonir standa til að farsældarfrumvarpið muni leiða af sér, fást einnig betri tækifæri til að sinna foreldrum og barni með heildarsýn að leiðarljósi. Mikilvæg tækifæri felast jafnframt í því að auka samfellu milli meðgönguverndar og ung- og smábarnaverndar þar sem m.a. mætti skipuleggja fræðslu um foreldrahlutverkið og tengsl við barnið þannig að hún ætti sér stað þvert yfir barnseignarferlið. Skráningarkerfi mætti sömuleiðis nýta betur, t.d. að merkja þurfi við að foreldrar hafi fengið ákveðna fræðslu, s.s. um tengslamyndun, geðheilsu ungbarna o.fl. Þá felast mikilvæg tækifæri í því að koma á fót foreldrahópum og foreldranámskeiðum sem hluta af grunnþjónustu við alla foreldra. Það gæti skapað vettvang til að ná betur til hins foreldrisins og aukið samstarf milli kerfa, t.d. með því að eiga samstarf við skóla- og félagsþjónustu og tengja þátttöku á foreldranámskeiðum við lægri leikskólagjöld. Að lokum felast mörg tækifæri í því að nýta betur reynslu Norðurlandanna, eins og birtist í þessu verkefni, t.d. hvað varðar skipulag foreldrahópa, stofnun fjölskyldumiðstöðva o.fl.

Sýn til framtíðar og verkaskipting

Í framtíðarsýn hópsins eru námskeið um fjölskyldulíf og foreldrafærni reglubundinn hluti af þjónustu við foreldra frá meðgönguvernd yfir í ung- og smábarnavernd. Áherslan er ekki bara á að fræða foreldra heldur að skapa vettvang þar sem foreldrar hittast, mynda félagstengsl og finna fyrir stuðningi. Tæknin er nýtt betur með fræðsluefni og námskeiðum fyrir foreldra á netinu, í myndböndum og hlaðvörpum. Meiri stuðningur er við parasambandið í ung- og smábarnavernd en einnig er hugað betur að stöðu einstæðra foreldra, s.s. varðandi félagslegan stuðning og uppbyggingu tengslanets. Hitt foreldrið er meiri þátttakandi í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd og mikilvægi foreldrahlutverksins er almennt viðurkennt í samfélaginu. Rík áhersla er lögð á það bæði fyrir og eftir fæðingu að fræða báða foreldra um hvernig þeir geta hlúð að eigin geðheilsu og vellíðan, t.d. með slökun og hugleiðslu, og tími er til að sinna hverri fjölskyldu í samræmi við þörf. Báðir foreldrar eru skimaðir fyrir vanlíðan, ofbeldi, paravanda og erfiðum tengslum við barnið. Búið er að skilgreina þrepaskipt viðbrögð við erfiðleikum í sambandi foreldra, sem og milli foreldra og barna, eins og nú er gert þegar kemur að kvíða eða þunglyndi hjá móður. Vel er staðið að handleiðslu og símenntun fagfólks þannig að hægt er að sinna sem flestu í grunnþjónustunni en jafnframt hefur fagfólkið betri þekkingu til að greina hvenær þörf er á frekari stuðningi. Viðkvæmir hópar fá meiri eftirfylgd og stuðning inn á heimilið fyrstu mánuðina eftir fæðingu og stigskipting þjónustunnar er vel skilgreind fyrir þau sem þurfa meira. Teymisvinna einkennir alla þjónustu heilsugæslunnar, t.d. kemur fagfólk

sálfræðiþjónustu eða geðheilsuteymis fjölskylduverndar með í viðtöl í ung- og smábarnavernd ef þörf er á, og auðvelt er að leita til þeirra eftir handleiðslu og ráðgjöf. Að lokum sá hópurinn fyrir sér að búið væri að koma upp fjölskyldumiðstöðvum eða fjölskylduhúsum, þar sem öll grunnþjónusta fyrir börn og foreldra er sameinuð undir einu þaki. Einnig að sveitarfélög sendu nýbökðuðum foreldrum „barnapakka“ eins og gert er í Finnlandi en búið er að koma á slíku fyrirkomulagi í Borgarbyggð og mætti innleiða um allt land.

Til að framtíðarsýnin nái fram að ganga þarf Þróunarmiðstöð að setja saman þverfaglegan starfshóp sem býr til námskeið fyrir foreldra sem getur bæði verið rafrænt, t.d. á Heilsuveru, og í formi staðbundinna námskeiða og foreldrahópa. Þetta myndi tryggja að allir foreldrar fengju sambærilega fræðslu, undirbúning og stuðning fyrir foreldrahlutverkið og myndun jákvæðra tengsla við barnið sitt. Til þess að hægt verði að efla grunnþjónustu, þ.m.t. að teygja sig betur til hins foreldrisins, þarf að auka mannafla og mannauð innan heilsugæslunnar. Stjórnendur þurfa að innleiða betri teymisvinnu á heilsugæslustöðvum, auka þverfaglegt samtal þannig að starfsfólk gangi í takt, og efla ráðgjöf og handleiðslu þannig að þverfagleg þekking nýtist sem best. Fagstjórar þurfa einnig að skoða hvaða matstæki og aðferðir mætti þýða og staðfæra til að innleiða skimun fyrir paravanda og tengslavanda í ung- og smábarnavernd. Þá þurfa stjórnvöld að skilgreina betur hvað á heima hjá heilsugæslu og hvað annarsstaðar þannig að ábyrgðahlutverk séu skýr. Einnig þarf að tryggja að þjónustukerfi séu mönnuð í samræmi við þörf svo biðlistar heyri sögunni til. Ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála ættu að lokum að fara markvisst í það, í samvinnu við sveitarfélögin, að skoða möguleika á því að koma á fót fjölskylduhúsum eða annarri lágþröskulda, þverfaglegru og þverstofnanalegru þjónustu í nærumhverfi þar sem stuðningur, fræðsla og ráðgjöf til foreldra væri undir sama hatti, þ.m.t. uppeldisráðgjöf og pararáðgjöf.

Aðgerðir sem brýnast er að ráðast í á næstu árum

- Efla þekkingu starfsfólks í heilsugæslu og grunnþjónustu svo starfsfólk gangi í takt og hægt sé að sinna sem flestu í grunnþjónustu frekar en að vísa í aðra þjónustu.
- Auka þjálfun, svigrúm og tíma til að sinna hverri fjölskyldu vel, veita fræðslu og bjóða jákvæð inngríp, s.s. slökun og önnur úrræði. Koma upp verkfærakistu fyrir fagfólk með jákvæðum aðferðum fyrir foreldra til að hlúa að eigin vellíðan.
- Innleiða samræmda skimun í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd fyrir öllum helstu áhættuþáttum hjá báðum foreldrum með gagnreyndum matstækjum. Ljósmeður og hjúkrunarfræðingar fái markvissa þjálfun í notkun skimunartækja og viðbragða í framhaldi, s.s. að hefja viðtal um erfið málefni.
- Útbúa námskeið um foreldrafærni, rafrænt fræðsluefni og lausnir til að ná til ungra foreldra. Setja á fót foreldrahópa í samræmi við þarfir og vilja, t.d. sameiginlega foreldrahópa eða sér mömmu- og pabbahópa.
- Innleiða raunhæfar lausnir til að útrýma biðlistum eftir sértækri þjónustu.
- Innleiða staðlaða fræðslu og upplýsingagjöf til foreldra í ung- og smábarnavernd um geðheilsu ungbarna, foreldrahlutverkið, áhrif skaðlegrar streitu (e. toxic stress) o.fl. svo allar fjölskyldur fái sömu upplýsingar.
- Auka þverfaglegt samstarf bæði innan og milli stofnana. Nýta teymisvinnu á markvissari hátt og efla samstarf við önnur kerfi, s.s. leikskóla og félagsþjónustu.
- Efla þjónustu og stuðning fyrir viðkvæma hópa á þeirra forsendum, s.s. fatlaða foreldra, foreldra af erlendum uppruna, unga foreldra o.s.frv.
- Koma á fót fjölskylduhúsum eða fjölskyldumiðstöðvum í nærumhverfi þar sem öll grunnþjónusta er sameinuð undir einu þaki með áherslu á þverfaglega, fjölskyldumiðaða lágþröskuldaþjónustu.

3. Að finna og bregðast snemma við áhættuþáttum á meðgöngu og fyrstu árum ævinnar

Hópur 3 beindi sjónum að því hvernig staðið er að því að finna og bregðast snemma við áhættuþáttum í lífum barna og foreldra við upphaf ævinnar. Farið var yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri á þessu sviði og settar fram tillögur að aðgerðum til úrbóta. Sem fyrr, ef fram komu atriði í vinnu annarra hópa sem áttu erindi í þessa samantekt, var þeim bætt við þar sem nokkur skörun var á milli vinnuhópa.

Styrkleikar

Meðal helstu styrkleika hér á landi þegar kemur að því að finna og bregðast snemma við áhættuþáttum í lífum barna og foreldra við upphaf ævinnar eru öflug meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd, hátt menntunarstig fagfólks og mikið traust sem borið er til þjónustunnar. Búið er að innleiða reglubundna skimun fyrir þunglyndi og kvíða á landsvísu með viðurkenndum matstækjum og unnið er eftir skilgreindu þrepaskiptu ferli hvað varðar úrræði í kjölfarið. Rafrænar lausnir á borð við Heilsuveru eru komnar í gagnid, rafræn námskeið eru í boði hjá ÞÍH fyrir fagfólk og foreldra, og sérstök HAM námskeið hafa verið þróuð fyrir þunglyndi og kvíða á meðgöngu. Sálfræðiþjónusta hefur verið innleidd í heilsugæslu og búið er að setja á fót geðheilsuteymi fjölskylduvernd sem nær til allra heilbrigðisumdæma fyrir verðandi eða nýbakaða foreldra þar sem alvarleg vanlíðan eða tengslavandi er til staðar. Konur og börn eru í forgangi fyrir flesta þjónustu og góð eftirfylgd er við foreldra í barnseignarferlinu, bæði á heilsugæslustöðvum og í heimþjónustu ljósmæðra, sem veitir styðjandi og heildræna nálgun. Ýmis góð verkefni hafa komist til framkvæmda á undanförunum árum, s.s. Tinna og Ella, sem eru sértæk úrræði fyrir unga einstæða foreldra í Reykjavík. Jafnframt getur styrkleiki falist í því hvað landið er lítið, boðleiðir stuttar og mikill vilji er innan allra kerfa til aukinnar samvinnu.

Veikleikar

Meðal veikleika hér á landi eru skortur á samhæfingu og samræmdu verklagi, illa skilgreind hlutverk og óljósar leiðir þegar kemur að áhættuþáttum og áhættuhópum. Fagfólk veit ekki alltaf hvað það á að gera við upplýsingar ef vandi kemur í ljós, t.d. hvaða úrræði eru til, hvaða námskeið eru í boði og hver gerir hvað. Stefnuleysi ríkir hvað varðar inngríp og úrræði og klínískar leiðbeiningar eru komnar til ára sinna. Skortur er á formlegum tengingum milli kerfa, upplýsingamiðlun er flókin og t.d. hafa þjónustuaðilar ekki aðgang að miðlægri forsjárskráningu. Þrátt fyrir að búið sé að koma upp samráðsteymum víða eru þau ekki nýtt sem skyldi og þjónustukeðjan virkar ekki. Bið eftir úrræðum og stuðningi er landlægur vandi og börn eru ekki gripin ef foreldrar eru alvarlega veikir. Stuðningi við langveik börn og fjölskyldur þeirra er ábótavant og almennt skortir samfellu og heildarsýn í þjónustu við börn foreldra með fjölþættan eða alvarlegan vanda. Innleiðingu á nýrri lagabreytingu varðandi börn sem aðstandendur er ekki fylgt nægilega vel eftir og þörf er á skýrari leiðbeiningum til stofnana um framkvæmd og ábyrgð. Ekki er skimað á markvissan hátt fyrir ofbeldi eða áfengis- og vímuefnavanda fyrir og eftir fæðingu eins og gert er með þunglyndi og kvíða og viðurkennd matstæki ekki notuð. Lög eru óskýr varðandi barnshafandi konur í vímuefnavanda þannig að kerfið nær ekki utan um hópinn og lagalegur réttur ófædda barnsins er óljós. Borið hefur á skorti á þjálfun varðandi skimun fyrir áhættuþáttum fyrir fagfólk í dreifbýli og kerfisbundið mat eða skimun varðandi tengslamyndun hefur ekki verið innleidd í ung- og smábarnavernd. Ekki er hugað nægilega vel að allri fjölskyldunni í meðgöngu- og ung- og smábarnavernd, t.d. er ekki skimað fyrir paravanda eða brugðist við slíkum erfiðleikum, aðeins er skimað fyrir áhættuþáttum hjá móður. Hinu foreldrinu býðst ekki sami forgangur að úrræðum og þjónustu. Tímaskortur í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd gerir það að verkum að erfitt getur verið að taka nógu ítarlega sögu eða koma að erfiðri upplifun. Lítið er um tilkynningar til barnaverndar frá meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd sem bendir til þess að annað hvort fari vandi framhjá fagfólki eða málin fari ekki í réttan farveg. Það vantar foreldrafærninámskeið fyrir foreldra í áhættuhópum og skortur er á lágþröskuldaúrræðum og markvissari vinnu með félagslegan stuðning og tengslanet fyrir viðkvæma hópa. Brotakennd samfella milli meðgönguverndar og ung og smábarnaverndar

er sömuleiðis veikleiki og mikill skortur er á upplýsingum og úrræðum á fleiri tungumálum en íslensku. Að lokum er annmarki á þessu sviði að ekki skuli vera markvisst samstarf milli heilsugæslu og leikskóla.

Ógnanir

Ógnanir gagnvart því að hægt sé að gera betur á þessu sviði eru m.a. skortur á skilningi á mikilvægi fyrstu árána, skortur á forgangsröðun í þágu barna og viðurkenning á því hversu brýnt er að fyrirbyggja slæma reynslu í bernsku (*adverse childhood experiences*). Undirmönnun og álag er viðvarandi vandi innan allra kerfa sem sinna börnum og foreldrum, hvort sem er í heilsugæslu, félagsþjónustu, barnavernd, leikskólum og geðheilbrigðisþjónustu. Heilbrigðis-, mennta- og félagsmálakerfi eru ekki samkeppnishæf um laun og starfsmannavelta er mikil. Félagssráðgjafar eru ekki starfandi við heilsugæslustöðvar og sálfræðingar eru mun færri en þörf er á. Mannekla og starfsmannavelta eru alvarleg vandamál í leikskólum sem hamla gæðum starfsins og hægt gengur að fjölga menntuðum leikskólakennurum þrátt fyrir yfirlýstan vilja. Fjárskortur og launastefna þar sem störf í þágu barna eru ekki metin að verðleikum eru alvarlegar og kerfislegar hindranir gagnvart umbótum á þessu sviði sem mikilvægt er að ráða bug á. Sömuleiðis skortir oft húsnæði og aðstöðu til að koma nýjum úrræðum á legg. Þá getur skortur á menningarhæfni starfsfólks skapað kerfisbundnar hindranir og ójöfnuð í þjónustunni.

Tækifæri

Hópurinn taldi mikil tækifæri felast í hinu svokallaða farsældarfrumvarpi þar sem gert er ráð fyrir að skipaður verði málstjóri sem samhæfir þjónustu ólíkra aðila og sér til þess að börn og fjölskyldur fái þá aðstoð sem þau þurfa. Með þessu má vænta að margt sem snertir samstarf ólíkra kerfa færist til betri vegar. Nauðsynlegt er þó að skilgreina betur hlutverk og ábyrgð heilbrigðiskerfisins með ítarlegri reglugerð. Dýrmæt tækifæri gætu falist í sameiningu meðgönguverndar og ung- og smábarnaverndar, samræmingu gagnagrunna þvert á kerfi og betri nýtingu rafrænna lausna, t.d. fyrir skimun, námskeið, fræðslu og ýmis snemmtæk úrræði. Með því að fjölga starfsfólki, lengja viðtalstíma í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd og teygja skimun til beggja foreldra mætti grípa áhættuhópa mun fyrr en nú er gert. Hægt væri að nýta fyrirliggjandi verklag varðandi skimun fyrir þunglyndi og kvíða til að bæta við fleiri áhættuþáttum og innleiða kerfisbundið um allt land með skilgreindum, þrepaskiptum úrræðum. Fjölgun lágþroskulaúrræða og skipulagningu allrar grunnþjónustu undir einu þaki í formi fjölskylduhúss myndi sömuleiðis skapa betri vettvang fyrir forvarnir og þverfagleg snemmtæk úrræði. Eins myndi stofnun heimila fyrir foreldra í viðkvæmri stöðu auðvelda þjónustukerfum að ná utan um fjölskyldur og tryggja velferð barna. Hægt væri að horfa til *familieambulatoriet* í Danmörku sem fyrirmyndar hvað þetta varðar með langtímaeftirfylgd fyrir börn. Að lokum geta mikilvæg tækifæri falist í því að efla geðheilsuteymi fjölskylduvernd og þróa þverfagleg geðheilsuteymi heilsugæslunnar áfram þannig að þau nái yfir allt æviskeiðið og séu til staðar um allt land.

Sýn til framtíðar og verkaskipting

Meginstefið í framtíðarsýn hópsins er samþætt heilsugæsla og félagsþjónusta í nærumhverfi sem vinnur sem ein heild í þágu barna og fjölskyldna með sterka tengingu við skólakerfið, t.d. í formi fjölskylduhúss. Meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd starfa sem eitt kerfi og búið er að innleiða kerfisbundna skimun með viðurkenndum matstækjum fyrir öllum helstu áhættuþáttum hjá báðum foreldrum. Sérhæfð þverfagleg teymi grípa fjölskyldur í vanda strax og ná til alla áhættuhópa með samhæfðu kerfi sem byrjar á meðgöngu og inniheldur fjölþætt úrræði án biðlista t.d. varðandi félagslegan stuðning, húsnæði, fjárhag o.fl. Þverfagleg, samræmd eftirfylgd er til staðar með barnasálfræðingum og barnageðlæknum í anda danska *familieambulatoriet*. Skjól og athvarf fyrir fjölskyldur í viðkvæmum aðstæðum eru til staðar, ríkulegt samráð er haft við notendur og fordómaleysi einkennir þjónustu við börn og foreldra í áhættuhópum. Málstjóri tengir saman ólíka þjónustuaðila og unnið er á heildrænan hátt að velferð fjölskyldunnar. Búið er að

skilgreina hvaða hópar eigi að fá hvaða þjónustu, hvaða vandi á heima í grunn- eða ítarþjónustu, og verksvið fagfólks er skýrt. Þjónustubörf er greind og stuðningur settur inn strax án þess að þörf sé á sjúkdómsgreiningu eða langvinnu matsferli áður en fólk fær aðstoð.

Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika þarf að samþykkja farsældarfrumvarpið og fara í markvissar aðgerðir að tengja saman kerfin sem sinna börnum og foreldrum, skilgreina ábyrgðarhlutverk og verkferla. Skýr innleiðingarátætlun þarf að liggja fyrir með kerfisbundinni eftirfylgd og skilgreindu fjármagni. Stjórnvöld þurfa að skipa vinnuhóp með fulltrúum allra kerfa sem skilgreinir ábyrgðarhlutverk á milli þjónustukerfa og þjónustustiga. Kortleggja þarf allt kerfið með þetta í huga þannig að hvergi séu grá svæði, óljósir verkferlar eða vafaatriði varðandi framvindu og eftirfylgd. Halda þarf reglubundna vinnufundi í tengslum við innleiðingu þar sem verkferlar, samvinna og skilgreining hlutverka er rædd. Útfæra þarf skýrt verklag fyrir hverja stofnun í tengslum við farsældarfrumvarpið og ný lög um börn sem aðstandendur. Skilgreina þarf ábyrgðaraðila innan hversrar stofnunar sem hafa umboð og rými til að sinna eftirfylgd með þessum atriðum. Skoða þarf góðar fyrirmyndir erlendis frá og hvað megi nýta hér á landi, rýna með skipulögðum hætti í styrkleika okkar kerfa og samræma. Veita stuðning í samræmi við faglegt mat á þörfum til að draga úr tilviljanakenndum inn gripum og stuðningi. Ráða þarf félagsráðgjafa inn í heilsugæslu og koma á þverfaglegu samstarfi innan og milli stofnana, jafnvel ráða sameiginlegt starfsfólk í heilsugæslu og félagsþjónustu. Að lokum þarf að koma á fót undirbúningshópi sem leggur drög að útfærslu og skipulagi fjölskylduhúsa, sem samhæfðra og þverfaglegra þjónustumiðstöðva fyrir alla grunnþjónustu.

Aðgerðir sem byrjast er að ráðast í á næstu árum

- Samþykkja farsældarfrumvarp, setja reglugerðir sem skýra ábyrgðarhlutverk allra stofnana og tryggja fjármagn, faglega eftirfylgd og stuðning við kerfisbundna innleiðingu um allt land.
- Tengja saman meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd þannig að upplýsingar fari á milli og samfella myndist í allri þjónustu við börn og foreldra frá meðgöngu út fyrstu æviárin.
- Bæta skimun í meðgöngu- og ung- og smábarnavernd þannig að hún nái til beggja foreldra og allra helstu áhættuþátta. Þýða og staðfæra viðurkennd matstæki til að skima fyrir áhættuþáttum á borð við áfengis- og vímuefnaneyslu, ofbeldi og erfiðleika í parasambandi. Flöggun áhættuþátta í sögukerfi þannig að tryggt sé að brugðist sé við í samræmi við niðurstöður skimunar.
- Koma á fót starfshópi sem útfærir tillögur að stofnun fjölskyldumiðstöðva eða fjölskylduhúsa eins og finnast víða á Norðurlöndum þar sem öll grunnþjónusta fyrir börn og fjölskyldur er sameinuð undir einu þaki, s.s. meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, skólaþjónusta, skólaheilsugæsla, félagsþjónusta og fjölskylduráðgjöf.
- Koma á fót skjóli eða athvarfi fyrir fjölskyldur eða verðandi foreldra í viðkvæmum aðstæðum í anda *familieambulatoriet* í Danmörku með skilgreindu verklagi og ábyrgð fyrir langtíma, þverfaglega eftirfylgd með börnum í áhættuhópum, s.s. vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldra.
- Koma á formlegri tengingu og samstarfi milli ung- og smábarnaverndar og leikskóla.
- Skilgreina betur verklag og ábyrgð í meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd og leikskólum m.t.t. tilkynninga til barnaverndar.
- Skilgreina hvernig eftirfylgd með lagabreytingu um börn sem aðstandendur skuli háttað og hafa kerfisbundið eftirlit með þessum þætti innan allra stofnana sem sinna börnum og foreldrum.
- Gera þarfa- og hindranagreiningu á því hvað stendur í vegi fyrir útrýmingu innri og ytri biðlista í þjónustukerfum fyrir börn og fjölskyldur á Íslandi og setja skýra og raunhæfa langtímaátætlun með skilgreindu fjármagni til að vinna endanlega bug á þeim vanda.
- Skýra lög á sviði barnaverndar og persónulegrar friðhelgi þegar kemur að ófæddum börnum og barnshafandi konum með áfengis- og vímuefnavanda.

4. Að efla velferð og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun

Hópur 4 fór yfir stöðu mála hvað varðar velferð og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun, tók saman styrk- og veikleika og skoðaði hvaða ógnanir og tækifæri leynast hér á landi þegar kemur að því að þoka málum til betri vegar. Hópurinn lagði fram framtíðarsýn í málaflokknum og tillögur til úrbóta. Ef fram komu atriði í vinnu annarra hópa sem áttu erindi í þessa samantekt var þeim bætt við enda nokkur skörun á milli hópa.

Styrkleikar

Hópurinn taldi meðal helstu styrkleika hér á landi að leikskólar séu skilgreindir sem menntastofnanir, þeir starfi samkvæmt námskrá og leikskólastarf sé faglegt og gott hér á landi. Börnum er mætt á þeirra forsendum og mikil áhersla er lögð á þroska barna og félagslegar og tilfinningalegar þarfir þeirra. Starfsfólk er gott og metnaðarfullt og hugað er að því að öll börn hafi aðgengi að leikskólamenntun, t.d. með því að halda kostnaði í lágmarki en foreldrar bera aðeins 12-15% kostnaðar fyrir leikskólavist. Búið er að setja upp heildstætt, rafrænt upplýsingakerfi fyrir samskipti foreldra og leikskóla þó misjafnt sé hvernig skólar og foreldrar nýti það. Mikil vakning er jafnframt að eiga sér stað um velferð yngstu barnanna og stuðningsnet leikskólanna er að batna þannig að verið er að grípa börn fyrr en áður.

Veikleikar

Meðal veikleika á þessu sviði er skortur á faglærðum leikskólakennurum og möguleikum á sérhæfingu í málefnum yngstu barnanna, óbrúað bil á milli fæðingarorlofs og leikskóla eða dagvistunarúrræða, og ýmsar kerfislegar hindranir, s.s. skortur á markvissu samstarfi milli leikskóla, heilsugæslu og félagsþjónustu. Lág laun viðhalda stöðugri manneklu og starfsmannaveltu sem ógnar gæðum leikskólastarfs og skapar óhóflegt álag á starfsfólk. Umhverfisaðstæður vinna einnig gegn gæðum starfsins, s.s. fjöldi barna á hvern starfsmann, lítil eða óhentug rými o.s.frv. Ramma skortir um menntun yngstu barnanna og löng viðvera í leikskólum og dagvistun hér á landi samræmist ekki tilfinningalegum þörfum ungra barna. Íslenskir foreldrar hafa lítinn sveigjanleika til að samræma vinnu og umönnun barna sinna. Eftirliti með leikskólastarfi og dagvistun er ábótavant og skortur er á faglegum stuðningi við dagforeldra. Reglugerð um daggæslu í heimahúsum er úrelt og skortur er á menningarlegri aðlögun kerfisins, t.d. réttindanámskeiði fyrir dagforeldra á öðrum tungumálum en íslensku. Að lokum eru ekki öll sveitarfélög með skólaskrifstofur sem sinna leikskólum og því skortir á þann stuðning sem skólaskrifstofur geta veitt við skimun, eftirfylgni og stuðning vegna velferðar og þroska barna.

Ógnanir

Meðal ógnana sem hindra framfarir á þessu sviði eru kröfur atvinnulífsins og langur vinnutími foreldra, skortur á fagmenntuðum leikskólakennurum og sérþekking á þroska og velferð yngstu barnanna. Enn skortir skilning og langtímahugsun í samfélaginu þegar kemur að þörfum ungra barna. Fyrstu árin eru dýrmætur tími þar sem verið er að leggja grunn að framtíðarvelferð barna en samfélagið er í krísu varðandi hvernig á að mæta þessu. Málefni barna, leikskóla og dagforeldra hafa verið margrædd í áraradír en takmarkaðar breytingar orðið til batnaðar. Í ljósi sögunnar lýsti hópurinn því ákveðnum áhyggjum af því að sú vinna sem verið er að vinna nú í tengslum við þetta verkefni verði að engu þegar upp er staðið.

Tækifæri

Ýmis tækifæri eru til úrbóta, s.s. að eyrnamerkja börnum fæðingarorlof, skilgreina það sem rétt barna en ekki eingöngu rétt foreldra, lengja það í 18 mánuði og tryggja öllum leikskólapláss eða dagvistun í samræmi við þörf og vilja í framhaldi. Mikil tækifæri felast einnig í endurskoðun á lögum og reglugerðum um leikskóla og dagvistun. S.s. skilgreiningu á stærð og eiginleikum rýma úti og inni, hámarksfjölda barna á hvern starfsmann, kröfu um menntun og endurmenntun dagforeldra og leikskólastarfsfólks og mati á fýsileika

Þess að bjóða heimgreiðslur. Skilgreina ætti daggæslu sem hluta af menntakerfinu og afnema verktakafyrirkomulag þeirrar þjónustu. Betri og markvissari stuðningur sveitarfélaga við starfsfólk sem vill afla sér menntunar á sviði leikskólafræða og endurskoðun leikskólakennaranáms með aukna áherslu á tengslamyndun og velferð yngstu barnanna myndi stuðla að betri þekkingu á sviðinu. Hópurinn var sammála um að dýrmæt tækifæri myndu felast í auknu samstarfi við ung- og smábarnavernd og heilsugæslu og sömuleiðis myndi stofnun fjölskyldumiðstöðva auka tækifæri til þverfaglegrar samvinnu. Tækifæri gætu einnig falist í því að tengja betur saman leikskóla, foreldra og dagforeldra með ýmsum samstarfsverkefnum og markvissari ráðgjöf til allra aðila. Þá geta ýmis tækifæri falist í verkefnum eins og þessu, s.s. möguleikum á að vinna að samnorrænni námsskrá eða leiðarljósum fyrir leikskóla um fyrstu 1000 dagana.

Sýn til framtíðar og verkaskipting

Í framtíðarsýn hópsins er samfella frá fæðingarorlofi til leikskóla eða dagvistunar með vali um heimgreiðslur til þeirra sem vilja vera lengur heima. Samfélagið er barnvænt og sátt ríkir um að þarfir barna séu í forgrunni. Búið er að setja á fót fjölskyldumiðstöðvar þar sem þverfagleg þekking er til staðar og ung- og smábarnavernd býður markviss foreldranámskeið þar sem allir foreldrar fá fræðslu um þroska, heilsu og líðan barna. Lög og reglugerðir tryggja velferð yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun, þ.m.t. aldurstengd viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann. Búið er að stytta vinnudag barna, foreldra og starfsfólks og innleiða möguleika á sveigjanlegri kaupum á dvalarstundum, t.d. að greiða aðeins hálfan dag suma daga. Laun eru ekki lengur hindrun gagnvart þeim sem hafa áhuga og færni til að vinna með börnum og starfsaðstæður eru góðar. Búið er að gera endurbætur á umhverfi leikskóla innan- og utandyra þannig að rými og útsvæði henta þörfum barna og starfsemi leikskólans. Dagforeldrar eru starfsfólk sveitarfélaga sem starfa undir leiðsögn og handleiðslu leikskólakennara og vel er hugað að símenntun þeirra. Allir leikskólar og dagforeldrar sem sinna yngstu börnunum starfa samkvæmt námsskrá fyrir börn yngri en tveggja ára.

Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika þurfa ráðherrar mennta-, heilbrigðis- og félagsmála að endurskoða lög og reglugerðir sem varða ekki aðeins leikskóla og dagforeldra heldur einnig stuðningskerfi heilbrigðis- og félagsmála. Öll kerfi þurfa að vera samstillt með þarfir barna að leiðarljósi. Endurskoða þarf lög um leikskóla þannig að velferð yngstu barnanna sé tryggð m.t.t. mönnunar, umhverfis og annarra þátta, en jafnframt þarf að efla innra og ytra eftirlit til að tryggja að lögum og námsskrá sé fylgt. Efla þarf áherslu á yngstu börnin í aðalnámsskrá leikskóla og gera kröfu um að leikskólar sem taka inn börn yngri en tveggja ára geri sérstaka skólanámsskrá fyrir þau. Menntamálaráðuneyti þarf að taka við málefnum dagforeldra, setja nýja reglugerð og afnema verktakafyrirkomulag þeirrar þjónustu. Sveitarfélög þurfa jafnframt að hækka niðurgreiðslu til foreldra fyrir daggæslu. Ráðamenn ríkis og sveitarfélaga þurfa að taka höndum saman við að finna raunhæfar og fljótvirkar leiðir til að fjölga menntuðum leikskólakennurum, þ.m.t. að laun verði samkeppnishæf við aðra háskólamenntun. Styrkja þarf leikskóla og dagforeldrakerfið með alvöru fjárfestingu í mannauði og þekkingu til að sinna ungum börnum. Allar stofnanir sem sinna velferð og þroska barna þurfa að vera í markvissu samstarfi sín á milli og skapa þarf ríkari tengingu milli heilbrigðis- og menntavísindasviðs háskóla svo áhersla sé á þverfaglega samvinnu allt frá námi að starfsvettvangi. Vitundarvakning þarf að verða meðal samfélagsins alls um mikilvægi fyrstu árána og skilgreina þarf ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs gagnvart velferð ungra barna, sem er hagsmunamál okkar allra. Nauðsynlegt er að auka sveigjanleika foreldra til að sinna bæði vinnu og umönnun barna sinna þannig að markvisst sé stutt við bæði atvinnumöguleika foreldra og velferð ungra barna t.d. með samfélagslegri sátt um styttri vinnutíma fyrir alla foreldra ungra barna.

Aðgerðir sem brýnast er að ráðast í á næstu árum

- Endurskoða og uppfæra lög og reglugerðir sem snerta dagvistun og leikskólastarf fyrir yngstu börnin með velferð þeirra í huga, s.s. að setja aldurstengd viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann, skilgreina lágmarkskröfu um stærð og eiginleika rýma úti og inni, setja kröfu um menntun og endurmenntun dagforeldra og leikskólastarfsfólks og fella daggæslu í heimahúsum undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Ráðast í markvissar aðgerðir til að skapa raunverulega barnvænt samfélag, s.s. að stytta vinnudag barna og foreldra, lengja fæðingarorlof til 18 mánaða, tryggja leikskólavist eða dagvistun fyrir þá sem vilja að loknu fæðingarorlofi og hækka niðurgreiðslu til foreldra.
- Meta fýsileika þess að bjóða val um heimgreiðslur til foreldra sem vilja vera lengur heima, eða að hluta til heima, með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- Koma á fót fjölskyldumiðstöðvum sem þverfaglegum vettvangi fyrir foreldra og fagfólk þar sem finna má heilsugæslu, félagsþjónustu, barnavernd, málefni fatlaðra, málefni skóla og dagforeldra, og hagsmunasamtök barna og foreldra.
- Efla stétt metnaðarfullra leikskólakennara og dagforeldra með menntun, næmni og áhuga á þörfum barna, t.d. með því að gera laun og starfsumhverfi eftirsóknarvert og fara í markvissar aðgerðir til að minnka álag, s.s. með því að skilgreina hámarksfjölda barna á starfsmann og bjóða sveigjanlegri kaup á dvalarstundum.
- Koma á fót aðalnamsskrá fyrir börn yngri en tveggja ára eða gera opinbera kröfu um að allir leikskólar sem taka inn börn yngri en tveggja ára geri skólanámsskrá fyrir þennan aldur.
- Tryggja umhverfi sem stuðlar að þroska, leikgleði og vellíðan ungra barna, bæði utan- og innandyra í leikskólum og dagvistun.
- Skipuleggja dagvistunarmál í samræmi við það sem gert er í Danmörku, s.s. að dagforeldrar séu starfsmenn sveitarfélaga og starfi undir leiðsögn og handleiðslu leikskólakennara í samræmi við námsskrá yngstu barnanna.

Samantekt og ábendingar

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá niðurstöðum vinnustofu sem haldin var í ársbyrjun 2021 um geðheilsu og velferð barna og fjölskyldna á fyrstu æviárunum. Vinnustofan var haldin í tengslum við norræna verkefnið *Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum* sem embætti landlæknis leiðir fyrir hönd Íslands og stendur til ársins 2022¹. Þátttakendur vinnustofunnar voru fagfólk úr meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, geðheilbrigðisþjónustu, barnavernd, háskólasamfélaginu, leikskólum og dagvistunarkerfi. Þátttakendum var skipt í fjóra hópa eftir þekkingu og reynslu sem hver fjallaði um eitt af fjórum áherslusviðum verkefnisins:

- Að efla vellíðan á meðgöngu og undirbúa fyrir foreldrahlutverkið
- Að efla heilbriggt samband foreldra og barna í ung- og smábarnavernd
- Að finna og bregðast snemma við áhættuþáttum við upphaf ævinnar
- Að hlúa að velferð og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun

Þrátt fyrir að þessi áherslusvið hafi verið tekin fyrir í aðskildum vinnuhópum voru margir sameiginlegir snertifletir á milli hópanna. Ýmis atriði og tillögur til úrbóta komu því endurtekið fram í umfjöllun tveggja eða fleiri hópa sem mynda ákveðinn rauðan þráð í niðurstöðum vinnustofunnar. Almenn var talsverður samhljómur innan hópanna um það sem brýnast er að gera til að hlúa betur að velferð og vellíðan barna og fjölskyldna við upphaf ævinnar. Þessi atriði eru án sérstakrar forgangs röðunar:

1. Aukin samhæfing og samstarf í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd

- Tengja betur saman meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd þannig að samfella myndist í þjónustu frá meðgöngu og yfir fyrstu æviárin. Upplýsingar fari greiðlega á milli og unnið sé markvisst með fjölskyldum í áhættuhópum fyrir og eftir fæðingu.

2. Betri stuðningur við foreldra og undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið

- Námskeið til undirbúnings fyrir foreldrahlutverkið. Bæði rafrænt á Heilsuveru og staðbundin námskeið sem fjalla um breytingar á líðan og högum foreldra við fæðingu barns. Sambandið á milli foreldra, þroska, geðheilsu og tilfinningalegar þarfir ungra barna, farsæl tengsl foreldra og barna, áhrif skaðlegrar streitu og áfalla í bernsku o.fl.
- Tilraunaverkefni um foreldrahópa í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd, sem viðbótarþjónustu, til að efla félagstengsl og skapa vettvang fyrir fag- og jafningjastuðning.
- Lágþröskulda uppeldis- og fjölskylduráðgjöf í heilsugæslu eða félagsþjónustu sem allir foreldrar geta leitað til eftir þörfum.
- Nýta tæknina betur til að ná til foreldra t.d. með netnámskeiðum, rafrænu efni, myndböndum og hlaðvörpum.

3. Vinna markvisst að barnvænna samfélagi

- Efla vitund og þekkingu um mikilvægi fyrstu áranna.
- Auka virðingu fyrir mikilvægi uppeldislutverks foreldra.
- Lengja fæðingarorlof.
- Skilgreina ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs gagnvart forgangs röðun í þágu barna.
- Styðja við samveru foreldra og barna á fyrstu æviárunum, t.d. með lögbundinni styttri vinnuviku fyrir foreldra ungra barna.
- Styttu vinnudaga barna í leikskólum og dagvistun.

¹ Sjá nánar: The First 1000 Days in the Nordic Countries: A Situation Analysis: <https://pub.norden.org/nord2020-051/nord2020-051.pdf>

4. Auka þátttöku beggja foreldra í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd

- Endurskipuleggja meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd þannig að báðir foreldrar taki fullan þátt í þjónustunni og foreldrið sem er ekki fæðandi fái sinn sess í þjónustunni.
- Tryggja að góðum tíma sé varið í samtal við báða foreldra um breytinguna sem er framundan, sambandið á milli þeirra hvort sem þau eru saman eða ekki o.fl.

5. Efling grunnþjónustu fyrir verðandi og nýbakaða foreldra

- Leggja mat á hversu mörgum fjölskyldum raunhæft og æskilegt er að hver ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur sinni í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd og setja fagleg viðmið þar um, sem heilbrigðisstofnunum er gert að fylgja.
- Leggja meiri áherslu á námskeið, starfsþróun og handleiðslu til að sinna því sem hægt er í grunnþjónustu frekar en að vísa í sértækari þjónustu.
- Efla þekkingu á geðheilsu ungra barna meðal fagfólks sem sinnir börnum og foreldrum.
- Efla þverfaglega samvinnu, samræmd vinnubrögð og traust milli fagstétta svo fjölbreytt fagþekking nýtist sem best í þágu barna og foreldra. T.d. með starfsdögum, samstarfsverkefnum og námskeiðum fyrir starfsfólk í þverfaglegri samvinnu.

6. Markvissari skimun fyrir áhættuþáttum á meðgöngu og eftir fæðingu

- Endurskoða verklag fyrir skimun fyrir áhættuþáttum í meðgönguvernd og ung- og smábarnavernd þannig að hún nái til beggja foreldra og allra helstu áhættuþátta með skilgreindu, þrepaskiptu verkferli í kjölfar skimunar.
- Þýða og staðfæra gagnreynd matstæki til að skima fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu, ofbeldi, erfiðleikum í parasambandi og tengslamyndun.
- Flöggun áhættuþátta í Sögukerfi þannig að tryggt sé að brugðist sé við eftir klínískum leiðbeiningum í samræmi við niðurstöður skimunar.

7. Bætt þjónusta við viðkvæma og jaðarsetta hópa

- Þýða upplýsingar og fræðsluefni fyrir foreldra á heimasíðu heilsugæslunnar og heilsuveru.is á helstu tungumál sem töluð eru í landinu.
- Þjóða námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um menningarhæfni og félagslega áhrifaþætti heilbrigðis. Tryggja að bæði fagfólk og fulltrúar jaðarsettra hópa komi að þróun námskeiðis.
- Koma á fót þjónustu í anda *familieambulatoriet* í Danmörku fyrir foreldra í viðkvæmum aðstæðum, með skilgreindu verklagi og ábyrgð fyrir langtíma eftirfylgd fyrir börn í áhættuhópum. S.s. vegna geðheilbrigðisvanda eða áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra.
- Koma á fót skjóli eða heimili fyrir verðandi og nýbakaða foreldra í viðkvæmri stöðu vegna alvarlegra geðrænna eða vímuefnatengdra vandamála.

8. Aukið samstarf kerfa í þágu barna og foreldra

- Samþykkja farsældarfrumvarp og gera skýra innleiðingarátætlun með skilgreindu fjármagni, faglegum stuðningi og kerfisbundinni eftirfylgd um allt land. Skilgreina vel ábyrgðarhlutverk allra stofnana og þjónustukerfa. Kortleggja kerfið með það í huga þannig að hvergi séu grá svæði, óljósir verkferlar eða vafaatriði varðandi framvindu og eftirfylgd.
- Útfæra verklag fyrir hverja stofnun í tengslum við nýjar lagabreytingar um börn sem aðstandendur. Skilgreina ábyrgðaraðila innan hversrar stofnunar sem hafa umboð og rými til að sinna eftirfylgd með þeim atriðum.
- Skoða möguleika á formlegu samstarfi milli leikskóla og ung- og smábarnaverndar.
- Skoða möguleika á því að koma á fót fjölskylduhúsum eða annarri lágþröskulda, þverfaglegri þjónustu í nærumhverfi þar sem stuðningur, fræðsla og ráðgjöf til foreldra væri undir sama hatti.

9. Aukin skilvirkni og gæði í þjónustu við ung börn og foreldra

- Gera þarfa- og hindranagreiningu á því hvað stendur í vegi fyrir útrýmingu innri og ytri biðlista í þjónustukerfum fyrir börn og fjölskyldur og setja raunhæfa langtímaáætlun með skilgreindu fjármagni til að vinna endanlega bug á þeim vanda.
- Auka fjármagn, mannafla og aðföng innan allra kerfa sem sinna ungum börnum og foreldrum til að auka nýliðun og draga úr starfsmannaveltu og álagi.
- Efla geðheilsuteymi fjölskylduvernd og þróa þverfagleg geðheilsuteymi innan heilsugæslunnar þannig að þau nái einnig til barna og séu til staðar um allt land.

10. Bætt upplýsingamiðlun, skráning og gæðaeftirlit

- Koma á skýrari verkferlum og eftirfylgd til að tryggja að skráning frá heimþjónustu ljósmæðra skili sér til ung- og smábarnaverndar.
- Efla eftirfylgd með því að farið sé eftir klínískum leiðbeiningum og bestu aðferðum í þjónustu við ung börn og foreldra þeirra.
- Uppfæra klínískar leiðbeiningar oftari í meðgönguvernd.
- Nýta skráningarkerfi betur til þess að tryggja eftirfylgd og gæði þjónustu, t.d. að merkja þurfi við að foreldrar hafi fengið ákveðna fræðslu, skimað hafi verið fyrir tilteknum áhættuþáttum og niðurstöðum fylgt eftir samkvæmt verkferlum o.fl.
- Bæta aðgang heilbrigðisstarfsfólks að upplýsingum um skjólstæðinga innan og milli kerfa sem nauðsynlegar eru til að styðja við velferð barna og foreldra.
- Auka innra og ytra mat og stuðning við faglegt starf í leikskólum og dagvistun.

Kynningar- og samráðsfundur í kjölfar vinnustofu

Í kjölfar vinnustofunnar var opinn kynningar- og samráðsfundur haldinn í maí 2021 þar sem niðurstöður verkefnisins og tillögur vinnustofunnar voru kynntar. Fundurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum en einnig voru boð send sérstaklega á helstu stofnanir og fagfélög sem að þessum málum koma. Þátttakendur voru tæplega 80 manns víðs vegar af landinu—fagfólk, aðilar fræðasamfélagsins, foreldrar og annað áhugafólk um málefni fyrstu áranna—sem gafst færi á að taka þátt í umræðum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Á fundinum mátti almennt greina mikinn samhljóm meðal þátttakenda varðandi niðurstöður vinnustofunnar og þær tillögur til umbóta sem þar voru settar fram. Meðal þess sem nefnt var sérstaklega var mikilvægi þess að lengja fæðingarorlof þannig að foreldrar og börn hefðu meiri tíma saman en einnig að skilgreina þyrfti fæðingarorlof sem rétt barns ekki síður en rétt foreldra. Mönnun kerfa sem sinna börnum og fjölskyldum var mikið til umræðu þar sem bæði kom fram að fjölga þyrfti fagstéttum, t.d. að ráða þyrfti félagsráðgjafa í heilsugæslu, en einnig að fjölga þyrfti stöðugildum almennt þannig að kerfin næðu að sinna viðfangsefnum sínum vel án óhóflegs álags á starfsfólk. Einnig var bent á að foreldrar væru fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir og því mikilvægt að ríkt samráð væri haft við notendur þjónustunnar þannig að verið væri að bregðast við þeim þörfum sem foreldrar greindu frá sjálfir. Sömuleiðis að tekið væri mið af ólíkum menningarlegum bakgrunni foreldra. Þá var rætt að mikilvægt væri að fræðsla og upplýsingar til foreldra væru settar fram á jákvæðan hátt sem ekki yki á streitu í foreldrahlutverkinu eða ótta við mistök.

Rætt var um að hugarfarsbreytingar væri þörf gagnvart störfum barnaverndar þannig að litið væri á þá þjónustu sem jákvæðan fjölskyldustuðning fremur en íþyngjandi inngríp. Þá var ítrekað mikilvægi þess að öllum foreldrum standi til boða lágþröskuldaþjónusta þar sem hægt er að fá ráðgjöf og leiðsögn í uppeldis- og foreldrahlutverkinu. Hugmyndin um foreldrahópa í ung- og smábarnavernd fékk hljómgrunn, sömuleiðis mikilvægi þess að ná til beggja foreldra í meðgöngu- og ung- og smábarnavernd og aukið samstarf milli leikskóla og ung- og smábarnaverndar. Almennt voru þátttakendur sammála um að hægt væri að gera mun betur í þjónustu við börn og foreldra á þessu mikilvæga æviskeiði og brýnt væri að koma þeim tillögum sem

komið hafa fram í þessu verkefni til framkvæmda, helst í samvinnu á milli ráðuneyta eins og gert var við smíði farsældarfrumvarpsins.

Lokaorð

Mikil greiningar- og stefnumótunarvinna hefur átt sér stað í geðheilbrigðismálum og málefnum barna hér á landi á síðustu árum. Árið 2016 var heildstæð geðheilbrigðisstefna og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum í fyrsta sinn samþykkt á Alþingi² og árið 2018 eignuðust Íslendingar sína fyrstu heildstæðu sjálfsvígsforvarnaráætlun sem samþykkt var og fjármögnuð af stjórnvöldum³. Árið 2019 var sett fram yfirgripsmikil aðgerðaáætlun um geðrækt í skólum frá leikskóla til framhaldsskóla⁴ og frá árinu 2018 hefur staðið yfir umfangsmikil vinna í samstarfi þvert á ráðuneyti í málefnum barna. Sú vinna hefur skilað sér í frumvörpum til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, eða hinu svokallaða farsældarfrumvarpi, og skilgreiningu tveggja nýrra stofnana til að auka gæði í þjónustu við börn og fjölskyldur og auka eftirlit með því að þau fái þá þjónustu sem þau þurfa. Það má því með sannni segja að mikil gróska sé í þessum málaflokki um þessar mundir. Vonandi mun sú vinna sem unnin hefur verið í tengslum við verkefnið *Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum* nýtast áfram á þeirri vegferð.

Þjóðir heimsins eru í vaxandi mæli að átta sig á mikilvægi þess að fjárfesta í fyrstu árum barna en með tilkomu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hefur ábyrgð samfélaga á að styðja öll börn til þroska og velfarnaðar orðið enn skýrari. Góðar uppeldisaðstæður og jákvæð tengsl við aðra eru meðal mikilvægustu atriða þegar horft er til geðheilbrigðis til lengri tíma. Mikilvægt er því að skapa fjölskylduvænar aðstæður í samfélaginu, auka samveru og nánd milli foreldra og barna og leggja ríka áherslu á geðrækt í leikskólum og dagvistun. Skaði sem verður á fyrstu æviárum barns vegna skorts á hlýju, ástúð og traustum tilfinningatengslum við umönnunaraðila veikir stoðir geðheilsunnar til langframa. Í ljósi þess að góð geðheilsa er undirstaða alhliða heilbrigðis, lífsgæða og farsældar í námi og störfum eru geðheilbrigðismál komandi kynslóða meðal brýnustu viðfangsefna sem stjórnvöld í dag standa frammi fyrir.

Í því samræði við sérfræðinga, hagsmunaaðila og áhugafólk um barnæskuna sem hefur átt sér stað í tengslum við *Fyrstu 1000 daga barnsins á Norðurlöndum* hér á landi má sjá skýrt ákall eftir því að hagsmunir ungra barna verði í auknum mæli látnir ráða við ákvarðanir stjórnvalda. Leiðarljósið ætti ekki eingöngu að vera að standa vörð um viðkvæma hópa og verja börn fyrir skaða á fyrstu æviárunum, heldur að skapa samfélag sem einkennist af virðingu fyrir gildi barnæskunnar í sjálfri sér. Öll börn eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar, sem skapar þeim gott veganesti ævina á enda.

² Þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára:

www.althingi.is/altext/145/s/1217.html

³ Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Ísland: www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=77110b10-4f85-11e8-942b-005056bc530c

⁴ Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi:

www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Starfsh%C3%B3pur%20um%20ge%C3%B0r%C3%A6kt%20%C3%AD%20sk%C3%B3lum_skr%C3%BDrsla.LO.KA.pdf